

Alþingi
Erindi nr. D 116 / 938
Komudagur 17/2 1993

Garðabæ 9. febrúar 1993

Alsherjarnefnd Alþingis

Formaður
Frú Sólveig Pétursdóttir

Vegna framlagðs frumvarps til laga um skaðabótaskyldu.

Hér með óska ég undirritaður vinsamlegast eftir upplýsingum um hversu marga einstaklinga sem orðið hafa fyrir slysum sem leitt hafa til meiri háttar örorku, var haft samband við og þeir beðnir álits, og eða aðstendur þeirra við undirbúning ofangreinds frumvarps.


Astæða fyrirspurnar þessarar er að í júlí-mánuði 1978 varð dóttir mín fyrir ökutæki þá nýorðin 5 ára og þverlamaðist frá 7. hryggarlið (100 % þverlömum).

Sú reynsla sem ég undirritaður hef orðið vitni að og reynt, er með þeim ólíkindum að enginn myndi trúá að óreyndu.

Það er verulegur ábyrðarhluti að leggja fram frumvarp til skaðabótalaga sé ekki tekið mið af öllum þeim aðstæðum sem upp geta komið við varanlegri meiri háttar örorku einstaklings.

Með vinsamlegri ósk um snögg viðbrögð.

Virðingarfyllt



Jón Józefsson
Markarflöt 10
210 Garðabæ.